

Alþingi
Erindi nr. P 130/2049
komudagur 21.4.2004




Samgöngunefnd Alþingis
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. apríl 2004
Tilvísun: 2004030071/40.1
HrH/BH
Tilv. ykkar: 22.03.2004

Efni: Stytting þjóðvegjar eitt, 553. mál. Umsögn um þingsályktun um könnun leiða til að stytta þjóðveg eitt.

Vegagerðin hefur á ýmsum tímum kannað möguleika á styttingu leiða, bæði á Hringvegi og öðrum hlutum vegakerfisins. Segja má, að Vegagerðin hafi þegar undir höndum upplýsingar um hvernig stytta og bæta megi leiðir á þjóðvegi eitt og aðalvegi frá honum ásamt viðeigandi kostnaðarmati, eins og tillagan gengur útá, og því ætti að vera óþarft að skipa sérstaka nefnd til að fjalla um það efni. Ef meta á hagkvæmni styttinga með tilliti til umferðaröryggis, vegalengda, vetraraksturs, kostnaðar og annarra þátta sem minnst er á í greinargerð með tillögunni, virðist einfaldara að fela Vegagerðinni það verkefni.

Virðingarfyllt,


Jón Rögnvaldsson,
vegamálastjóri.